

LEIÐNÓ

LAUGARDAGUR 17. JÚNÍ 2017

Helgin



Margt verður að gerast í dag um borg og bí enda þjóðhátíðardagur. Daði er kominn heim og verður á nokkrum stöðum að spila.

[helgin ➔4](#)

Slepptu þynnkunni



2 töflur fyrir skemmtun
2 töflur fyrir svefn

Fæst í næsta apóteki

www.icecare.is



Edda verður sögumaður og mun leiða gjörninginn áfram. MYNDIR/EYÞÓR

Tískugjörningur í lönnó

Leikhúslistakonur 50+ gefa hátíðargestum í Reykjavík inn-sýn í tískuheim liðinnar aldar í lönnó í dag. Þar má sjá allt frá krínólíni yfir í litla svarta kjólinn og Hagkaupssloppinn. ➔2

Framhald af forsiðu →

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Víð leikhúslistakonur 50+ erum búnar að starfa saman í tvö ár og höfum gert ótal margt skemmtilegt undir verndarvæg Margrétar Rósu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Iðnó, sem hefur haldið utan um okkur og veitt okkur húsaskjól,“ segir Edda Björgvinsdóttir, ein þeirra sem tilheyra hópnum.

Hann skipa tíu leikhúskonur. Ein þeirra er Helga Björnsson sem á að baki glæstan búningaferil bæði hér heima og erlendis. „Við höfum leikhúlesið, sett upp leikrit og ljóðalesið en fengum þá æðislegu hugmynd að fara í gegnum tísku liðinnar aldar enda hæg heimatökin með Helgu í hópnum. Við göntuðumst með þetta í fyrstu en fengum svo hana Ingveldi E. Breiðfjörð í búningadeild Þjóðleikhússins til liðs við okkur og komumst þannig yfir ótrúlega flott dress og búninga sem einkenna hvern áratug frá 1890 til 1980,“ upplýsir Edda. Hún segir um að ræða allt frá krínólíni til rasspúða, frá efnislitlum Charleston-kjólum til tjullkjóla og frá litla svarta kjólum til Hagkaupssloppsins, sem önnur hver kona átti á sjöunda áratug síðustu aldar.“

Edda verður sögumaður og mun leiða gjörninginn áfram, í sloppnum. Leikkonurnar munu ganga fram á sviðið hver á fætur annarri og hver áratugur á eftir öðrum undir einkennandi tónlist. „Inni á milli verða svo pínulitlar

Þetta eru hins vegar allt svo önnur kafnar konur þó stóru leikhúsin hafi flest fyrir löngu hafnað umsóknum frá þeim, eins og almennt þekkt með leikkonur á þessum aldri.

senur en fyrst og fremst er þetta þó hugsað sem veisla fyrir augu og eyru,“ segir Edda.

Hún segir einvalið standa að sýningunni. „Elin Edda Árnadóttir gerði sviðsmyndina með Helgu Björnsson, Kjartan Darri Kristjánsson sér um lýsinguna og leikstjórnir María Sigurðardóttir og María Reyndal hjálpuðu okkur að pússa þetta til. Þá munu stelpur frá Krafti hjálpa okkur að hafa fataskipti, nemendur í No name föröunar skólanum sjá um föröun og Guðrún Þorvarðar um hár,“ upplýsir Edda.

Hún segir mikla vinnu liggja að baki sýningunni og að vilji sé til þess að halda fleiri. „Þetta eru hins vegar allt svo önnur kafnar konur þó stóru leikhúsin hafi flest fyrir löngu hafnað umsóknum frá þeim, eins og almennt þekkt með leikkonur á þessum aldri. Okkur tókst því ekki að finna lausan dag fyrr en í október og mögulega tvö kvöld þess utan,“ segir Edda og hlær.

Reykjavíkurborg stendur að baki sýningunni í dag og er ókeypis inn. Hún hefst klukkan 16 og stendur í tæpa klukkustund. Edda lofar miklu fjöri og býður alla velkomna.



Leikhúslistakonurnar kynna tísku hvers áratugar fyrir sig. Allt frá 1890 til 1980.

Veglegt hlaðborð með
fjölbreyttum og bragðgóðum réttum
Tilvalið fyrir fjölskyldur!



Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5-12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100



Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00

Kinahofid

Kinahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogur
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022



www.kinahofid.is

Edda segir verkefnið umfangsmikið og skemmtilegt og að vilji sé til þess að efna til annarrar sýningar í haust. Í dag, 17. júní, er sýningin öllum opin.
MYNDR/ EYÞÓR



Glæsilegar konur í flottum fötum og með hatta.



Ráðlagt að prófa Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanföllum þrettán árum. Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarelle árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingaskeiðs. „Óþægindin voru hitakóf, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum



mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku,” segir Dalla og brosir.

Betra skap og líðan

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormóna hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig.



Dalla segist ekki geta verið án Femarelle.

» Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið.

Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,” segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa

nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Stuðlar að líflegra og fallegra hári

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurr og slit. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljá á hárið og finn að það hefur þyknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef lítað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,” segir Selma.




Selma Björk Grétarsdóttir.

Ný uppfinning

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með biótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykki úr hirsí, kislí og B-vítamín.

» Hair Volume styrkir og þykkir hárið. Selma hefur góða reynslu af notkun þess.



Sleipiefni fyrir elskendur úr lífrænum innihaldsefnum

Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum efnum og hafa hlotið lífræna vottun. Sérstök sleipiefni fyrir fólk í barn-eignahugleiðingum eru nú einnig fáanleg.

Oft eiga konur sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða glímt við langtíma veikindi við þurrk í leggöngum og slímhúð að stríða. Yes-línan er sérstaklega hönnuð fyrir þær konur. Margrét Mjöll Sverrisdóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes-sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknað í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem eiga við þurrk að stríða í leggöngum noti vöruna,” segir hún. Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum innihaldsefnum, meðal annars Aloe vera,

flax extract og guar gum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association í Bretlandi. Sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina. Þau klístrast ekki, eru rakagefandi fyrir slímhúðina og þau má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir. „Yes-sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem er hægt að nota með gúmmiverjum,” útskýrir Margrét og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignahugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Yes sleipiefnin eru laus við:

- Glycerin
- Hormóna
- Glycols / Parabena
- Rotvarnarefni
- Ilmfefni
- Silíkon
- Jarðolíuefni
- Argínín
- Önnur ertandi efni fyrir húð svo sem grapefruit seed extract



Reykjavík hún rokkar

Það er nóg að gera hjá tónlistarfólki í dag. Sumir ætla að troða upp á mörgum stöðum enda skemmtanir um allt land. Svo er hátíðarstund hjá stjórn-málamönnum.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Stórtónleikar verða í Hljóm-skálagarðinum sem hefjast kl. 14 með Stuðmönnum. Emmsjé Gauti kemur fram kl. 17.15. Það verður reyndar ekki eini staðurinn þar sem hann treður upp í dag. „Ég verð með tónleika á þremur stöðum,“ svarar hann þegar við spurðum hvernig hann ætla að eyða deginum. „Á milli tónleika ætla ég að reyna að hitta elsku afa minn, Gunnlaug Einarsson, en hann á afmæli í dag. Loks er ég á leiðinni í brúðkaup þar sem ég ætla að horfa á ástina innsiglaða af guði sjálfum,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti sem heitir reyndar Gauti Þeyr Másson. Hann mun örugglega flytja hið vinsæla lag Reykjavík er okkar, já hún er okkar í Hljóm-skálagarðinum fyrir gesti þjóðhátíðar.

Gæsapartí í Kramhúsinu

Sirkus Íslands verður við gosbrunninn í Hljóm-skálagarðinum í dag þar geta börn og fullorðnir spreytt sig á alls kyns sirkúskúnstum. Margrét Erla Maack ætlar hins vegar að sleppa þeim sýningum og heimsækja foreldra sína sem búa í miðbænum. „Sautjándi júní hjá mér hefur ekki verið frídagur í 13 ár. Núna kenni ég í nokkrum gæsapartíum í Kramhúsinu. Venjulega hef ég dressað mig upp og

faríð í bæinn í kringum gigg, annaðhvort í fánalitonum eða í upphlut (eða bara með skotthúfuna). Ég veit samt ekki hvort ég er stemmd fyrir því að fara í bæinn að skemmta mér innan um skotvopn, svo ætli ég verði ekki bara með fjölskyldunni,“ segir Margrét Erla.

Frá Berlín í pylsuveislu

Tónlistarmaður Daði Freyr vakti mikla athygli í Söngvakeppni Sjónvarpsins í vetur. Hann býr í Berlín en er kominn til Íslands og mun án efa fá marga til að syngja með sér í Hljóm-skálagarðinum í dag. „Ég verð að spila á fjórum stöðum í dag, í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hveragerði og á Selfossi. Svo reyni ég að fá mér eina með öllu einhvers staðar þarna á milli,“ segir hann. Líklega er langt síðan Daði fékk sér íslenska pylsu.

Svingað með Ragga Bjarna

Sigurður Flosason tónlistarmaður hefur skipulagt sumardjass á Jómfrúnni í meira en 20 ár. Engin breyting verður á því í dag. „Ég ætla að spila skemmtilegt sving á Jómfrúnni á milli kl. 15-17 ásamt einvalaliði tónlistarmanna. Að

» Það verður fjór á Jómfrúnni í dag þegar Raggi Bjarna stígur á svið og flytur nokkur svinglög við undirleik djasshljóm-sveitar Sigurðar Flosasonar.

Leggur blómsveig hjá Jóni

Þjóðhátíðardagurinn getur líka verið annasamur fyrir stjórn-

» Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu ásamt stúdentum.

málamenn. Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, þarf að vakna snemma. Hún mun leggja blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallakirkjugarði ásamt stúdentum og heiðra minningu hans og sjálfstæði Íslendinga, eins og hún orðar það. „Eftir það fer ég líklega með börnin mín á milli leiktækja og sælgætissala. Svo fer ég heim að baka pönnukökur og kíkja á hægeldaða lærið í ofninum,“ segir Líf. „Í kvöld ætla ég svo að knúsa manninn minn og horfa á bíómyndina Með allt á hreinu í sjónvarpinu. Þetta verður góður dagur.“

Sissel

ELDBORG HÖRPU

20. DESEMBER KL. 18 OG 20.30

HARPA.IS/SISSEL · SENA.IS/SISSEL

Síðast seldist
upp á ferna
tónleika!



NÝ SENDING AF SUMARFATNAÐI

FRÁBÆRT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM
14-28 EÐA 42-56

OPIÐ 17 JÚNÍ FRÁ KL. 11-16



5.990 kr
Stærðir 14-28



5.290 kr
Stærðir 14-28



5.990 kr
Stærðir 14-28



6.590 kr
Stærðir 14-28



3.990 kr
Stærðir 14-28



8.990 kr
Stærðir 14-26



5.990 kr
Stærðir 14-28



6.990 kr
Stærðir 14-28

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Víg erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Popp með dökku ívafi

Dúettinn PASHN kemur fram á tónleikum í Hljómskálagarðinum í dag. Hann skipa tvær ungar konur með fjölbreyttan bakgrunn í tónlist og söng.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Popp-elektro dúettinn PASHN samanstendur af Ragnhildi Veigarsdóttur og Ásu Bjartmarz en þær kynntust á síðasta ári í Listaháskóla Íslands þar sem þær stunda báðar nám. Þær lýsa tónlist sinni sem djúpu dökku rafpoppi eða jafnvel popptónlist með dökku ívafi sem fangi einstakt samband hljóma andrúmslofsins og kristaltærra radda þeirra beggia. PASHN (sem er borið fram eins og enska orðið passion) kemur fram á tónleikum í Hljómskálagarðinum í dag kl. 15.30 en fjöldi listamanna kemur fram þar í dag. „Við byrjuðum að semja saman í mars á síðasta ári til að geta tekið þátt í Músíktílaunum. Upphaflega vorum við fimm í sveitinni og við komumst í úrslit, þrátt fyrir lítinn tíma til að undirbúa okkur og það var mjög gaman að taka þátt,“ segir Ragnhildur.

Eftir keppnina var liðskipan sveitarinnar svölitið í lausu lofti að sögn Ásu. „Við tvær vissum að við vildum halda áfram og taka þetta aðeins lengra. Hinar stelpurnar höfðu ekki eins mikinn tíma til að sinna þessu og eru sumar í annars konar námi en við. Því ákváðum við tvær að halda áfram og sjá hvað myndi gerast.“

Ólust upp í útlöndum

Þær eiga báðar að baka langt tónlistarnám en ólust þó hvorugar upp á Íslandi. Ragnhildur ólst upp í Bandaríkjunum og hefur lagt

„Bæði lögin hafa fengið mjög góðar viðtökur. Weathering a Storm var fyrsta lagið sem við deildum og hefur verið spilað nokkrum sinnum í útvarpinu. Eftir að bæði lögin fóru í spilun hafa margir haft samband til að fá okkur til að spila á tónleikum.“

stund á fiðlu- og pianónám áður en hún settist á skólabeck hér á landi 18 ára gömul. Ása ólst upp í Svíþjóð þar sem hún lærði á þverflautu og pianó auk þess að stunda söngnám. Hún flutti til Íslands tvítug.

Saman eru þær búnar að semja fullt af nýju efni og hafa haldið áfram að þróa eigin stíl. „Þegar við tókum þátt í Músíktílaunum á síðasta ári var Ása eina söngkonan en núna erum við að vinna í að syngja jafn mikið. Ég syng í nokkrum nýja laga okkar og bráðlega verðum við búnar að jafna út sönghlutverkin,“ segir Ragnhildur.

Lögin semja þær flest öll saman segir Ása. „Algengasta skiptingin er sú að Ragnhildur semji lagið sjálf, ég laglínu og grunnpródueringu, og svo vinnum við textana saman. Svo klárum við lögin með Guðna



Ragnhildur Veigarsdóttir (t.v.) og Ása Bjartmarz skipa dúettinn PASHN sem kemur fram á tónleikum í Hljómskálagarðinum í dag. MYND/ERNIR

Síðir sumarkjólar

Str. S-XXL



Kjóll

Kr. 5.990.-

Litir, svart og blátt



Kjóll

Kr. 6.990.-



Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Við erum á Facebook

Einarssyni upptökustjóra.“

Góðar viðtökur

Nú þegar hafa tvö lög sveitarinnar fengið spilun, Weathering a Storm og Down. „Bæði lögin hafa fengið mjög góðar viðtökur. Weathering a Storm var fyrsta lagið sem við deildum og hefur verið spilað nokkrum sinnum í útvarpinu. Eftir að bæði lögin fóru í spilun hafa margir haft samband til að fá okkur til að spila á tónleikum og við erum búnar að vera að spila á fullu síðan í lok mars.“

Sveitin spilar á litla sviðinu í Hljómskálagarðinum milli kl. 15.30 og 16.15. „Við ætlum að spila sex lög fyrir tónleikagesti. Það má búast við ljúfum tönnum og góðri stemningu. Við verðum með alls konar skemmtilegar græjur á sviðinu og ætlum bara að hafa gaman.“



Frekari spilamennska

Fram undan er frekari spilamennska og verður nóg að gera í sumar. „Við vorum að senda inn umsókn vegna Iceland Airwaves og komumst vonandi að. Annars erum við núna að vinna sem listhópur Hins hússins og spilum oft í borginni í sumar. Planið er svo að gefa út tvö ný lög í sumar og svo EP plötu stuttu fyrir Airwaves í haust.“

Fyrstu tvö lögin okkar fengu svo góðar viðtökur og gáfu okkur spark í rassinn varðandi að klára önnur lög og gefa nýju lögin út í sumar. Lögin fara inn á Spotify og helstu tónlistarveitur þegar platan kemur út.

Annars erum við virkar á Facebook (pashnofficial) og Instagram (pashnofficial) auk þess sem hlusta má á lögin okkar á YouTube rás sveitarinnar (PASHN).

Þjónusta

Garðyrkja

GARÐSLÁTTUR!
Tek að mér garðslátt fyrir sanngjarnt verð.
Fáðu tilboð í garðinn þinn í síma 771-9694



Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 116 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkja maður. S: 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Pakmálun
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 Litaverk ehf

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

ÞAKVIÐGERÐIR APS VERKTAKI EHF
Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðum. Gsm.841 7601

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is



99% RYKFRITT



FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Hreinsa þakrennur, ryðbletta þök og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

Spái í spil og bolla, tek heim eða símaspá frá kl.14. Mjög góð reynsla. Kristín s. 897 9002

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Skemmtanir

HEFUR ÞÚ SÉÐ ÞESSA KIND?
EF ÞU SÉRÐ KINDINA ROLLU - LATTU VITA!



Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til sölu

TIL SÖLU

COMANCHE Tjaldvagnar Montana með 13" dekkjum.
Með ferðaboxi **Kr. 1088.000,-**
Án ferðabox **Kr. 990.000,-**

Sími 530 5900

STIGA®



Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor Kawazaki FS600V mótör Notendavænt sæti og stýri 320 lítra graskassi Frábær traktor í stærri svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vevtrarsol.is

Til bygginga

Til sölu álflekamót 40 lengdametra í tvöföldu birði auk fylgihluta.
Uppl. í s. 893 9777

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA
ICELANDIC/ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH/ENSKA f. fullorðna I, II, III: Start/Byrja: 26/6 -HOLIDAY/FRÍ- 4/9, 2/10, 30/10, 27/11. Morn/ Aftern/Evening - Morgna/Síðd/ Kvöld - 4 weeks/vikur x 5 days/ daga. Only/Bara 2 - 5 students/nem per group/hóp. www.iceschool.is -ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Club car golfbílar

Hagstætt verð
Til afgreiðslu strax.
19019 ehf • S. 893-3393 • Gunnsteinn • www.19019.is

www.toyotakaupuni.is
Westfalia dráttarveisli fyrir flestar gerðir bíla

Toyota Kaupúni Opið mán - fös: 07.45 - 18.00
Kaupúni 6 Laugardaga: 12.00 - 16.00
Sími: 570 5070
info@toyota.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLOGLEGT EFINI Á NETINU

Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort, Hægt að panta mynd eða hlusta svæði. SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang. Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist. Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara. Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl. Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn. Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is



Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skata
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.



Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com



Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjúlundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur! Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRITT

Parketlagnir og viðhald



viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga arnarut@365.is sigrunh@365.is



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til sölu tæki úr þrotabúi tælensks veitingarstaðar.

Um er að ræða allt sem þarf til reksturs veitingarstaðar þar með talið eldunartæki, kælskápar, frystikistur, iðnaðar uppþvottavél, borð, hitaborð, eldavél, ofn, gashellur, djúpsteikingarpottar, hrísgrjónasúdupottar, pottar þar með talið sérstakir pottar til tælenskrar matargerðar, leirtau, 36 leðurstólar, 14 borð, tvö lítil veislutjöld, ferðaborð, kælibox, sjónvarp, fimm barstólar, sjóðsvél, örbylgjuofn, einnota umbúðir, o.fl.

Munirnir eru staðsettir á Akranesi og verða sýndir og afhent þar. Kaupandi þarf að taka muni og tækin niður og fjarlægja úr húsnæðinu.

Seljandi er þrotabúi og því er engin ábyrgð tekin á ástandi tækja.

Tilboð óskast í alla munina saman en ef ekki berst ásætlanleg tilboð í alla munina verða skoðuð tilboð í einstaka muni. **Senda skal tilboðin fyrir kl 12:00 föstudaginn 23. júní 2017 á netfangið jonina@velferdlegal.is.** Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Allar upplýsingar eru veittar í síma 899-1777.

Jónína Guðmundsdóttir hdl.
skiptastjóri

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn



kr. 25,900

Góðar vöðlur á góðu verði

Airflo Airlite öndunavöðlur
Airflo Airlitevöðluskór

Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

VEIÐIÞORTIÐ



Jaxon 4 og 5 laga öndunavöðlur Bestu vöðlurnar undir 30 þús. kr. á markaðnum Verð 29.800 kr Með skóm .34.900 kr Veiðiþortið Grandagarði 3 552-9940

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

3-4 herb íbúð til leigu í Kópavogi frá 1.okt í 6 mánuði. Upp. S. 6611767

VESTURBÆR

2 herb. íbúð til leigu m/ húsgögnum, rafmagn, Wifi Sérinng., 2hæð. Verð 200 þús.pr.mán. Leiga. 1-6 mán. S. 899 6221

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

GINGER

GINGER Í REYKJAVÍK

Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ ginger.is

EVENING AND WEEKEND SHIFTS:

Ginger restaurant in Reykjavik seeks employees to work in the evening and on weekends. If you are 18 or older and a non-smoker please send your CV to brynja@ ginger.is

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN
ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í HLUTASTARF

3-tímar á dag við útkeyrslu ca.6:30-9:30. Farið á selfoss suma daga og innanbæjar aðra. Må vera eldri bílstjóri eða yngri maður svo framarlega sem hann er snyrtilegur og jákvæður. Meirapróf ekki nauðsynlegt. Möguleiki á fullri vinnu ef áhugi er á því. 892-6363 eða skutlari@gmail.com

Óska eftir starfskrafti í garðvinnu, húsviðgerðir og hestaleigu, helst með reynslu. Íslenskumælandi með góða tungumálakunnáttu. Uppl. í síma 616 1569.

Atvinna óskast

21 árs maður óskar eftir vinnu í ferðamannabransanum t.d. hóteli. Er ný útskrifaður stúdent af viðskiptabraut. Er altalandi á íslensku, dönsku, ensku og þýsku. Get vel hugsað mér að vera út á landi og er laus strax, hef meðmæli og ferilskrá. Uppl. sendist á: menelik.jimma@gmail.com

Tilkynningar

Tilkynningar



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is